

Útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum



Skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag
sbr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



GARÐABÆR

1. október 2020

Unnið af ráðgjafarfyrtækinu Alta fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

www.alta.is

alta@alta.is

A1336-070-U02

Efnisyfirlit

1 Inngangur	3
2 Markmið	5
3 Umhverfi og staðhættir	6
4 Fyrirliggjandi stefna	8
4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins	8
4.2 Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030	9
4.3 Deiliskipulag golfvallar í Urriðavatnsdölum	10
5 Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns	11
6 Umhverfisáhrif	12
7 Skipulagsferli, kynning og samráð	12
Heimildir	14

1 Inngangur

Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa og Garðabær vinna í sameiningu að gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði í Urriðavatnsdölum í Garðabæ. Urriðavatnsdalir eru í eigu Styrktar- og líknarsjóðsins (StLO) sem hafa um langt skeið unnið að því að þróa svæðið sem fjölbreytt útivistarsvæði samhliða vernd einstakra menningar- og náttúruminja.



Mynd 1.1: Gul lína sýnir drög að deiliskipulagsmörkum Urriðavatnsdala.


Innan deiliskipulagssvæðisins er Urriðakotskraun, sem til stendur að friðlýsa sem fólkvang, samhliða deiliskipulagsvinnunni og vinnur Umhverfisstofnun að friðlýsingu hraunsins í samvinnu við landeigendur og Garðabæ. Við jaðar Urriðakotskrauns er Urriðavöllur, 18 hólur golfvöllur í eigu sjóðsins. Til stendur að stækka golfvöllinn um níu hólur til að auka sveigjanleika og hagkvæmni hans í rekstri. Ráðgert er að hluti nýrra brauta fari inn á s.k. hraunflata í Urriðakotskrauni og verði innan marka fyrirhugaðs fólkvangs. Til grundvallar þróunarhugmyndum StLO um stækkun golfvallarins inn í Urriðakotskraun, liggur greinargerð frá Náttúrufræðistofnun frá desember 2016, sem unnin var í fyrir StLO, *Urriðavatnsdalir - Gildi náttúruminja*¹. Þar er verndargildi náttúruminja í Urriðakotskrauni metið og gefið álit á hugmyndum StLO og Garðabæjar sem lágu fyrir á þeim tíma um legu golfbrauta í Urriðakotskrauni. Þar er einnig lagt til afmarkað þróunarsvæði í Flatahrauni fyrir golfbrautir sem tryggir að ekki sé verið að fara inn á úfið eða óraskað hraun með golfbrautir (sjá mynd 1.2 og 1.3).

Í gildi er deiliskipulag fyrir golfvöllinn frá 1991, Deiliskipulag golfvallar í Urriðavatnsdölum, sem gert er ráð fyrir að falli úr gildi við staðfestingu nýs deiliskipulags.


Mörk fyrirhugaðs deiliskipulags afmarkast af landamerkjum til vesturs, deiliskipulagsmörkum Urriðaholts og mörkum friðlýsingar fyrir Maríuhella til norðurs, mörkum deiliskipulags

¹ Náttúrufræðistofnun Íslands (2016). Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir 2016. *Urriðavatnsdalir. Gildi náttúruminja. NÍ-16005*. Náttúrufræðistofnun Íslands. Unnið fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa. Desember 2016. Sjá [hér](#).

Heiðmerkur til austurs og mörkum friðlýsingar fyrir Búrfell og landnotkunarreit íþróttasvæðis (Íþ 5.17) til suðurs. Deiliskipulagssvæðið er um 200 ha að stærð (sjá mynd 1.2).



Mynd 1.2: Myndin sýnir ýmsar upplýsingar um núverandi landnotkun og forsendur. Landamerki Urriðavatnsdala í eigum StLO, drög að mörkum áformaðrar friðlýsingar fyrir Urriðakotshraun, hraunflatir, hverfisverndarsvæði 5.20-Hv. og íþróttasvæði 17-Íþ skv. gildandi aðalskipulagi, aðliggjandi friðlýsingarmörk Búrfells, Búrfellsgjár og Selgjár og friðlýsingarmörk Mariúhella. Einnig má sjá flutningslínur landsnets og línuveg.



Mynd 1.3: Hér sést afmarkað með hvítu brotalínu fyrirhugað þróunarsvæði golfvallar í hraunflötum. Náttúrufræðistofnun lagði til að nýta svæði sem þegar hefur verið raskað og því voru svæðin sem Náttúrufræðistofnun lagði til afmörkuð sem þróunarsvæði fyrir golfbrautir og aðra útivist.

Vinna við gerð nýs deiliskipulags hefst með kynningu á lýsingu þessari í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í lýsingu koma fram forsendur og áherslur við gerð deiliskipulagsins, tengsl við fyrirliggjandi stefnur og áætlanir og gerð er grein fyrir skipulagsferlinu, samráði og kynningu. Með skipulagslýsingu er almenningi og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að kynna sér fyrirhugaða deiliskipulagsgerð á fyrstu stigum og koma með ábendingar sem hafðar verða til hliðsjónar við mótnun deiliskipulagstillögunnar.

Samhliða gerð deiliskipulags er unnið að aðalskipulagsbreytingu, sem mun ná til upplands Garðabæjar sem deiliskipulagið er innan.

2 Markmið

Meginarkmið deiliskipulagsins, sem byggir á framtíðarsýn Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um Urriðavatnsdali frá árinu 2007², er að í Urriðavatnsdölum verði aðlaðandi útivistarsvæði, með góðu stígakerfi fyrir almenning jafnt sem golfiðkendur og aðstöðu til golfiðkunar á heimsmælikvarða, samhliða vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags. Það hefur verið stefna bæjarstjórnar Garðabæjar frá árinu 2006 að friðlýsa skuli Búrfellshraun frá gíg til strandar innan bæjarmarka Garðabæjar.

Í deiliskipulagi verður gert ráð fyrir góðum aðstæðum til almennrar útivistar á svæðinu m.a. með

² Í stefnumörkun Styrktar- og líknarsjóðs frá árinu 2007, *Framtíðarsýn um verndun og nýtingu, er ítarlegar gert grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki hugmyndum StLO fyrir svæðið.*

Því að koma fyrir útivistarstígum með tengingum við nærliggjandi svæði. Áhersla verður lögð á verndun hraunsins. Gert er ráð fyrir að staðsetja upplýsinga- og fræðsluskilti um jarðfræði, náttúrufer og sögu svæðisins. Við hönnun golfbrauta og göngustíga verður lögð áhersla á að hagsmunir ólíkra útivistarhópa geti farið saman.

Endurhönnun og stækkun Urriðavallar er mikilvægur þáttur fyrir Styrktar- og líknarsjóðinn og rekstraraðila golfvallarins, til þess að unnt verði að styrkja rekstrargrundvöll golfvallarins og golfskálans til frambúðar.

Í deiliskipulagi mun umfjöllun í greinargerð og skipulagsskilmálar styðja við markmið deiliskipulagsins.

Gert er ráð fyrir að stækkunarverkefnið verði skráð í GEO Certified Developments, sjálfbærnivottunar- og handleiðslukerfi GEO Foundation. Aðeins fjögur golfvallarverkefni hafa hlotið þann gæðastimpil á heimsvísu, t.d. Ólympíugolfvöllurinn í Ríó.

3 Umhverfi og staðhættir

Skipulagssvæðið er í Urriðavatnsdölum suður af Urriðaholti í Garðabæ og er um 200 ha að stærð. Mörk fyrirhugaðs deiliskipulags afmarkast af landamerkjum til vesturs, deiliskipulagsmörkum Urriðaholts og mörkum friðlýsingar fyrir Maríuhella til norðurs, mörkum deiliskipulags Heiðmerkur til austurs og mörkum friðlýsingar fyrir Búrfell og landnotkunarreit íþróttasvæðis (ÍÞ 5.17) til suðurs.

Urriðavatnsdalir eru hluti af útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, sem í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er nefnt Græni trefillinn. Græni trefillinn hefur m.a. það hlutverk að vera svæði til útivistar og er þar lögð áhersla á verndun sérstæðs landslags og lífríkisverndun.³

Stór hluti Urriðavatnsdala er þakinn hrauni, sem rann frá Búrfelli allt í sjó fram eða rúmlega 10 km leið. Hraunið er um 8.100 ára og nefnist einu nafni Búrfellshraun. Stakir hlutar hraunsins bera önnur nöfn en það heitir Urriðakotshraun í landi Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa. Frá Búrfelli eru fallegar hrauntraðir, Búrfellsgjá ofar og Selgjá neðar.

Jarðfræði svæðisins hefur verið ágætlega lýst áður í tengslum við fyrirhugaða notkun þess. Þá eru til nákvæm jarðfræðikort af svæðinu. Berggrunnur svæðisins er annars vegar grágryti og hins vegar nútímahraun. Hraunið hefur langhæst verndargildi af náttúruminum svæðisins og nýtur það sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.⁴

Flatahraun kallast mjór geiri af flötu helluhrauni, sem er innan úfins hraunsins, suðaustan við núverandi golfvöll. Um er að ræða flatt helluhraun sem er svo til algróið og þakið jarðvegi. Í Flatahrauninu er mikill trjágróður, bæði sjálfsáðu og ræktaður⁵.

³ [Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.](#)

⁴ Árni Hjartarson og Ingibjörg Kaldal, ISOR, 2007. Urriðavöllur. Verndargildi j arðminja í Urriðavatnsdölum. Unnið fyrir Styrktar og líknarsjóð Oddfellowreglunnar. ISOR-2007/007.

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands (2016). Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir 2016. Urriðavatnsdalir. Gildi náttúruminja. NÍ-16005. Náttúrufræðistofnun Íslands. Unnið fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa. Desember 2016. Sjá [hér](#).



Mynd 3.1: Horft til suðurs yfir Urriðavöll í Urriðavatnsdölum. Urriðakotshraun liggur að austanverðum Urriðavelli, vinstra megin og fjærst á myndinni. Í hrauninu sjást barrtré, sem var plantað í kringum 1952-54 í lág í hrauninu, svokallað Flatahraun. Suður af Flatahrauni sést glitta í háspennumöstur sem liggja í hrauninu og undir þeim er línuvegur og svæði sem þegar er talsvert raskað.

Töluvert hefur verið gróðursett af trjám í hrauninu. Í Flatahrauni og hrauninu í kring mynda stórvaxin furu- og grenitré þéttar þyrpingar og talsvert er orðið af sjálfsánum furu- og grenitrjám, innan Flatahraunsins og ekki síður í Urriðakotshrauninu í kring. Lúpína hefur fundist í Flatahrauni og Urriðakotshrauni, auk þess sem mikil lúpínusvæði eru allt í kring og stækka ört.

Þrjár háspennulínur þvera hraunið (Hamraneslínur og Hnoðraholtslína). Línuvegur liggur í gegnum Urriðakotshraun og liggur niður að syðri hluta Urriðavallar.

Gömul náma er innan skipulagssvæðisins undir Dyngjuhól.

Aðkoma að skipulagssvæðinu er um Elliðavatnsveg og um innkeyrslu að bílastæði við golfskálann.



Mynd 3.2: Hér sést línuvegurinn sem liggur í gegnum Urriðakotshraun, göngusígur sem liggur í gegnum hraunflatirnar, reiðvegur og Heiðmerkuvegur meðfram Vífilsstaðahlíðinni.


Skráðar minjar eru innan deiliskipulagssvæðisins og verður gerð grein fyrir þeim á uppdrætti og í greinargerð. Í deiliskipulagi verða settir skilmálar um að finnist minjar eða merki um minjar á framkvæmdatíma skal stöðva framkvæmdir samstundis og tilkynna Minjastofnun um fundinn sbr. lög um menningarminjar nr. 80/2010.

4 Fyrirliggjandi stefna

4.1 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Í svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 er sett stefna um sameiginlegt og samfellt útivistarsvæði við efri jaðar borgarbyggðarinnar sem kallast Græni trefillinn. Innan Græna trefilsins er lögð áhersla á verndun sérstæðs landslags og lífríkis. Þar er aðstaða til fjölbreyttrar útivistar svo sem athafnasvæði hestamanna og golfvellir sem og fjölbreytt náttúra, hraunbreiður og votlendi, ræktaður skógur og náttúrulegt kjarr.⁶

Græni stígurinn, samfelldur göngu og hjólastígur, tengir öll sveitarfélögin saman og liggur eftir treflinum endilöngum og áfram til norðurs og suðurs. Lega stígsins og staðsetning mikilvægustu aðkomusvæða ákvarðast í aðalskipulagi sveitarfélaganna (sjá mynd 4.1). Einvörðungu er gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Í jaðri Græna trefilsins er einnig heimilt að byggja upp þjónustu við ferðafólk s.s. veitinga- og gistipjónustu.



Mynd 4.1: Skýringarmynd úr svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 af Græna treflinum. Græni stígurinn er hluti hans.


⁶ [Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040.](#)

4.2 Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030

Í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem íþróttasvæði (5.17 ÍÞ), opið svæði (5.24 OP) og hverfisverndarsvæði (5.20).

Í undirbúningi er breyting á aðalskipulagi Garðabæjar sem felst í endurskoðun stíga og reiðvega í upplandi Garðabæjar. Urriðavatnsdalir eru í upplandinu og nær breytingin því til fyrirhugaðs deiliskipulagssvæðis. Ástæða breytingar á aðalskipulagi er fyrst og fremst sú óvissa sem skapast hefur um reiðleið meðfram Elliðavatnsvegi með deiliskipulagi og uppbyggingu í Urriðaholti. Ekki er lengur hægt að ríða hesti milli Hafnarfjarðar og Garðabæjar nema sunnan Smyrlabúðar. Einnig kallar rammaskipulag Vífilsstaðalands sem nú er í samþykktarferli á endurskoðun mikilvægra stígatenginga við upplandið. Áhersla er lögð á að lega Græna stígsins í Græna Treflinum verði alltaf skýr í upplandi Garðabæjar og tengist vel yfir í nágrannasveitarfélögin.

Gert er ráð fyrir að mörk þeirra landnotkunarreita sem deiliskipulagssvæðið nær til breytist og hnykkst verði á ákvæðum sem tengjast útivist og golfiðkun. Í breytingu er gert ráð fyrir að hnykkst verði á umfjöllun um Græna stíginn.



Mynd 4.2: Hluti aðalskipulagsuppráttar og drög að deiliskipulagsmörkum Urriðavatnsdala.

5 Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns

Umhverfisstofnun vinnur að því að friðlýsa Urriðakotshraun sem fólkvang. Samráðshópur vegna fyrirhugaðrar friðlýsingar hóf störf í maí 2019, en í honum sitja fulltrúar Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, Garðabæjar og umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Afmörkun þess svæðis sem áformað er að friðlýsa sem fólkvang má sjá mynd 5.1⁷. Fram hefur komið áhugi á að fara nýjar leiðir í friðlýsingarferlinu, þannig að allt þrennt verði mótað samhliða; deiliskipulag, stjórnunar- og verndaráætlun og samhliða friðlýsingarákvæði. Þannig verði tryggt samræmi í stefnu og aðgerðum.

Gerð deiliskipulags fyrir Urriðavatnsdali, þ.e. núverandi golfvöll og fyrirhugaðan fólkvang er unnið samhliða friðlýsingarvinnu.

⁷ Áform um friðlýsingu Urriðakotshrauns í Garðabæ, sjá auglýsingu [hér](#).



Mynd 5.1: Tillaga að friðlýsingarmörkum samkvæmt auglýsingu Umhverfisstofnunar um áform friðlýsingar.

6 Umhverfisáhrif

Fyrirhugað deiliskipulag er háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Samkvæmt lögunum skal vinna umhverfismat fyrir áætlun ef hún markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Framkvæmdir við golfbrautir innan fyrirhugaðs fólkvangs falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum 106/2000 samkvæmt tölulið 2.02 í 1. viðauka laganna.

Aðferðafræði við umhverfismat áætlana fer eftir alþjóðlega viðurkenndum forskriftum. Skoða ber hvaða valkostir eru fyrir hendi til að ná þeim markmiðum sem stjórnvaldið hefur sett sér og síðan bera þá saman, þ.m.t. við þann kost að aðhafast ekkert og búa við óbreytt ástand. Gera þarf grein fyrir þeim umhverfisþáttum sem búast má við að framkvæmdir skv. áætluninni hafi veruleg áhrif á og vísa til viðmiða um það hvað telja meggi verulegt. Umhverfismatið, ásamt niðurstöðu, verður sett fram í umhverfisskýrslu sem verður hluti af greinargerð deiliskipulagsins.

Ýmis gögn hafa orðið til við mótun stefnu og hugmynda StLO, m.a. um verndargildi jarðmyndana og hafa fyrirliggjandi hugmyndir um legu golfbrauta og útivistarstíga verið mótaðar með hliðsjón af þeim. Mat á áhrifum og mótvægisáðgerðir mun grundvallast m.a. af fyrirliggjandi skýrslum og greiningum sem hafa orðið til í ferlinu. Eftirfarandi eru fyrirliggjandi gögn:

- ▶ Alta (2020). *Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Greinargerð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um forsendur landnýtingar.*
- ▶ Árni Hjartarson og Ingibjörg Kaldal, ISOR, 2007. *Urriðavöllur. Verndargildi j arðminja í Urriðavatnsdölum.* Unnið fyrir Styrktar og líknarsjóð Oddfellowreglunnar.
- ▶ Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir. Náttúrufræðistofnun Íslands (2016). *Gildi náttúruminja.* NÍ-16005. Unnið fyrir Styrktar og líknarsjóð Oddfellowa.
- ▶ Náttúrufræðistofnun Íslands (2017). *Rýni frá NÍ á tillögu StLO í Urriðavatnsdölum.* Tölvupóstur dags. 15.3.2017.
- ▶ Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa (2007). *Urriðavatnsland - Stefnumörkun Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, Framtíðarsýn um verndun og nýtingu, tillaga til umræðu,* júlí 2007.

Í febrúar 2020 var lögð fram greinargerð *Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Greinargerð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um forsendur landnýtingar* (dags. 21.2.2020). Greinargerðin var unnin sem hluti af friðlýsingarvinnunni til upplýsingar fyrir mat Umhverfisstofnunar á áhrifum þess að leggja golfbrautir innan hraunflata og á línuvegi í Urriðakotshrauni. Þannig gæti stofnunin metið hvort nýjar golfbrautir í Flatahrauni geti rúmast innan friðlýsingarskilmála.

7 Skipulagsferli, kynning og samráð

Lýsing þessi er nú kynnt í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsing verður aðgengileg á vef sveitarfélagsins, auglýst í víðlesnu dagblaði og mun liggja frammi í Ráðhúsi Garðabæjar. Þá verður lýsingin send umsagnaraðilum.

Athugasemdir og ábendingar sem kunna að berast við lýsinguna verða hafðar til hliðsjónar við mótun deiliskipulagstillögunnar.

Umsagnaraðilar eru:

- Skipulagsstofnun
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
- Vatnsveita Hafnarfjarðar
- Veitur
- Umhverfisstofnun
- Landsnet
- Náttúrustofa Suðvesturlands
- Ferðamálastofa
- Skógræktin
- Skógræktarfélag Garðabæjar
- Hestamannafélagið Sprettur
- Landgræðsla ríkisins
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Að lokinni kynningu á lýsingu verður vinnslutillaga kynnt. Þá fá hagsmunaaðilar tækifæri á að kynna sér vel tillögudrög og senda sínar athugasemdir eða ábendingar. Tillaga að deiliskipulagi verður auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verður aðgengileg á vef sveitarfélagsins, auglýst með áberandi hætti og send umsagnaraðilum. Auglýsingatími skal að lágmarki vera 6 vikur. Að auglýsingu lokinni verður unnið úr athugasemdum sem kunna að berast og þeim svarað. Að lokinni umfjöllun í sveitarstjórn og yfirferð Skipulagsstofnunar verður gildistaka deiliskipulagsins auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Eftirfarandi eru drög að skipulagsferlinu og tímasetningum (birt með fyrirvara um breytingar):

Okt. 2020	Skipulagslýsing lögð fyrir skipulagsnefnd skv. 1 mgr. 40. gr. skipulagslaga 123/2010.
Okt. 2020	Lýsing afgreidd í bæjarstjórn.
Okt. 2020	Skipulagslýsing auglýst og send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum til umsagnar. Lýsingin verður kynnt almenningi skv. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður frestur til að skila inn athugasemdum.
Nóv./des. 2020	Vinnslutillaga deiliskipulagsins verður tekin fyrir í skipulagsnefnd og bæjarstjórn þar sem hún er afgreidd til kynningar skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður frestur til að skila inn athugasemdum.
Feb./mars 2021	Tillaga að nýju deiliskipulagi tekin fyrir í skipulagsnefnd og sveitarstjórn þar sem fjallað er um framkomnar ábendingar og endanleg tillaga samþykkt til auglýsingar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gefinn verður 6 vikna frestur til þess að skila inn athugasemdum.
Apríl/maí 2021	Tillaga afgreidd í bæjarstjórn að undangenginni afgreiðslu skipulagsnefndar með viðbrögðum við framkomnum athugasemdum og send Skipulagsstofnun til yfirferðar.
	Deiliskipulagið auglýst í B – deild stjórnartíðinda skv. 42 gr. skipulagslaga.

Heimildir

Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Sjá [hér](#).

Alta (2020) *Skipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum. Greinargerð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa um forsendur landnýtingar*. Sjá [hér](#).

Árni Hjartarson og Ingibjörg Kaldal, ISOR, 2007. *Urriðavöllur. Verndargildi jarðminja í Urriðavatnsdölum*. Unnið fyrir Styrktar og líknarsjóð Oddfellowreglunnar. ÍSOR-2007/007. Sjá [hér](#).

Golfvallarhönnun og ráðgjöf, Batteríinu og Landslagi. *Golfvöllur í Urriðavatnsdölum. Deiliskipulag*, samþykkt árið 1992.

Kristján Jónasson og Ásrún Elmarsdóttir 2016. Urriðavatnsdalir. Náttúrufræðistofnun Íslands. *Gildi náttúruminja*. NÍ-16005. Unnið fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa. Sjá [hér](#).

Náttúrufræðistofnun Íslands (2017). *Rýni frá NÍ á tillögu StLO í Urriðavatnsdölum*. Tölvupóstur dags. 15.3.2017. Sjá [hér](#).

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæðið 2040. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040. Sjá [hér](#).

Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa (2007). *Urriðavatnsland - Stefnumörkun Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, Framtíðarsýn um verndun og nýtingu, tillaga til umræðu*, júlí 2007.